

STJÓRNARTÍÐINDI B 5 – 1999

Nr. 11

26

5. janúar 1999

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016,
Keilugrandi 1.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. janúar 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur frá 18. ágúst 1997.

Breytt er landnotkun á lóðinni Keilugrandi 1 úr blönduðu stofnana og íbúðarsvæði í athafna- og íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 5. janúar 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 12

4. janúar 1999

AUGLÝSING

**um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar
sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.**

Samkvæmt 2. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 1999 vera 477.000 kr. hið minnsta. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. janúar 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 13

6. janúar 1999

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Reykhólahreppi.

1. gr.

Árgjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Reykhólahreppi skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

A. Íbúðir	kr. 9 500
B. Sumarhús	kr. 4 750